

## 25. gr.

Til breytingar á fundarsköpum þessum, þarf umræður á tveimur fundum hreppsnefndar, meirihluta greiddra atkvæða og staðfestingu ráðherra.

Fundarsköp þessi, sem samin eru og samþykkt af hreppsnefnd Eyrarhrepps, staðfestast hér með samkvæmt sveitastjórnarlögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. júlí 1967.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á fundarsköpum fyrir hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps.

## 1. gr.

Rétt til setu á fundum hreppsnefndar Reyðarfjarðarhrepps eiga 7 kjörnir hreppsnefndarmenn, auk sveitarstjóra. Þeir ræða og gera ályktanir um sveitarmálefni.

Sveitarstjóri hefur ekki atkvæðisrétt á fundum, nema hann sé jafnframt kjörinn hreppsnefndarmaður.

Varamenn taka sæti á fundum í forföllum aðalmanna samkvæmt gildandi sveitarstjórnarlögum.

## 2. gr.

Á fyrsta fundi hreppsnefndar, að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum, kýs hún oddvita og varaoddvita, og fer um kosningu þeirra og starfstíma eftir gildandi sveitarstjórnarlögum, sem annarra starfsmanna (nefnda), sem hreppsnefnd kýs. Þá skal hreppsnefnd ráða sér fundarritara, og skal hann jafnan vera einn hreppsnefndarmanna. Starfstíma hans ákveður hreppsnefnd.

Oddviti stjórnar fundum og sér um að allt fari fram í reglu og eftir fundarsköpum þessum. Skytt er fundarmönnum að hlíta úrskurði hans, þó má skjóta úrskurðinum til hreppsnefndar, ef vafi leikur á um skilning fundarskapanna.

Varaoddviti gegnir störfum oddvita í forföllum hans.

Fundarritari heldur gerðabók hreppsnefndar, undir umsjón oddvita, sem sér um, að hún sé rétt og skipulega færð. Þeir fundarmenn, sem mættir eru, skulu undirrita fundargerðina í fundarlok. Hver fundarmaður, sem eigi er samdóma hinum, á rétt á því, að ágreiningsálit hans verði ritað með fáum orðum í gerðabókina.

## 3. gr.

Sveitarstjóri og oddviti boða hreppsnefndarfundi, á þeim stað og stund, er þeir ákveða. Þó getur oddviti boðað fundi í forföllum sveitarstjóra.

Fundir hreppsnefndar eru tvenns konar, reglulegir fundir og aukafundir. Reglulega fundi skal halda tvisvar í mánuði hverjum. Fundirnir skulu að jafnaði

hefjast klukkan 20 og eigi standa lengur en til klukkan 24, nema hreppsnefnd samþykki framlengingu þeirra. Í mánuðunum júní, júlí og ágúst skal fella niður reglulega fundi.

Aukafundi skal halda svo oft sem sveitarstjóra og oddvita þykir þörf vera á. Þá skal og jafnan boða til aukafundar, ef oddviti eða þrír hreppsnefndarmenn æskja þess.

Aukafundi skal eigi boða með styttri fyrirvara en þrem klukkustundum.

#### 4. gr.

Sveitarstjóri ákveður dagskrá fundanna, í samráði við oddvita. Röð mála á henni getur hreppsnefnd breytt með ályktun sinni, svo og felld mál af dagskránni. Einnig getur hún ákveðið með samþykki allra hreppsnefndarmanna, að mál, sem eigi er á dagskrá, verði tekið á hana.

Sveitarstjóri má ekki taka neitt erindi á dagskrá reglulegs fundar, nema að það sé komið til hans á hádegi þrem dögum fyrir fund. Skal hann í síðasta lagi 2 sólarhringum fyrir fund senda öllum hreppsnefndarmönnum dagskrá, er greini erindi þau, sem fyrir fundinn eiga að koma á þann hátt að ljóst liggi fyrir hver þau mál séu.

Hverjum hreppsnefndarmanni er heimilt að krefjast þess, að ákveðið mál verði tekið á dagskrá fundar, en skylt er honum að gera það skriflega og með þeim fyrirvara sem fyrr greinir.

Pegar lagðar eru fram gerðir fastra nefnda, er starfa á vegum hreppsins, skal útdráttur úr fundargerð þeirra fylgja dagskránni.

#### 5. gr.

Hreppsnefnd skal hafa tvær umræður, með a. m. k. einnar viku millibili, um eftirtalin málefni:

- a. Hina árlegu fjárhagsáætlun hreppsins.
- b. Ársreikninga hreppsins og fyrirtækja hans.
- c. Reglugerðir, sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra, eða sýslunefndar.
- d. Beiðnir um aðstoð til handa hreppnum.

Rétt er við síðari umræðu fjárhagsáætlunarinnar, að hún sé rædd og greidd atkvæði um hana þannig, og síðan áætlunina í heild.

#### 6. gr.

Fundir hreppsnefndar skulu haldnir í heyranda hljóði, ef meirihluti hreppsnefndarmanna krefst þess í tæka tíð. Dagskrá slíkra funda skal boðuð með uppfestum auglýsingum, með sama fyrirvara og gildir um dagskrátilkynningar til hreppsnefndarmanna.

Áheyrendur á slíkum fundum eru skyldir að vera kyrrir og hljóðir og mega ekki láta í ljós ánægju sína né vanþóknun, um það, sem á fundi gerist. Brjóti nokkur á móti þessu, getur oddviti látið vísa honum út úr fundarsalnum, og ef þörf gerist látið ryðja salinn.

Sveitarstjóri eða hreppsnefndarmaður getur óskað þess, að mál sé rætt fyrir luktum dyrum, og sker hreppsnefnd úr um það, með afli atkvæða, hvort svo skuli gert. Hvorki sveitarstjóri né hreppsnefndarmenn mega skýra óviðkomandi aðilum frá umræðum eða atkvæðagreiðslu í þeim málum, er rædd eru þannig fyrir luktum dyrum.

#### 7. gr.

Fundarmaður, sem taka vill til máls, skal snúa sér til oddvita og leyfir hann venjulega fundarmönnum að taka til máls í þeirri röð er þeir æskja. Þó má hann

breyta út af því, er til framsögumanns kemur, svo og til þess, að umræður með eða móti málefni skiptist á, eða til þess, að fundarmaður geti gert stutta leiðréttingu, eða athugasemd, er snertir hann sjálfan.

Biðji fleiri sér hljóðs jafnsnemma, ræður oddviti í hverri röð fundarmaður skuli taka til máls.

## 8. gr.

Sveitarstjóri hefur óbundið málfrelsi á fundum, en gæta skal hann fundarskapa. Flutningsmaður máls má ekki tala oftari en þrisvar við hverja umræðu máls, og aðrir hreppsnefndarmenn ekki oftari en tvisvar. Þó er fundarmanni heimilt að biðja sér hljóðs, til þess að bera af sér ámæli, gera stutta fyrirspurn, athugasemd um atkvæðagreiðslu, eða gæzlu fundarskapa.

Ræðumaður standi við sæti sitt meðan hann flytur mál sitt.

## 9. gr.

Ræðumaður skal halda sér við það mál, sem til umræðu er. Hann skal varast að meiða menn eða hafa ósæmileg orð. Ef hann bregður út af þessu, skal oddviti aðvara hann og nefna ummælin. Nú er fundarmaður aðvaraður tvisvar á sama fundi og má þá oddviti eða annar nefndarmaður með samþykki hreppsnefndar svipta hann málfrelsi á þeim fundi.

## 10. gr.

Sveitarstjóri og sérhver hreppsnefndarmaður hefur rétt til að bera upp tillögur og breytingartillögur við það mál, sem til umræðu er. Tillögur skulu vera skriflegar og skal veittur hæfilegur tími til að semja þær.

## 11. gr.

Ekki má hreppsnefnd gera ályktun um nokkurt mál, nema meira en helmingur hreppsnefndarmanna séu á fundi, afl atkvæða ræður.

## 12. gr.

Enginn hreppsnefndarmaður má greiða atkvæði um fjárveitingu til sjálfs sín, eða í máli, sem varðar hagsmuni hans sérstaklega. Honum er þó heimilt að skýra málið af sinni hendi. Hreppsnefnd sker úr því umræðulaust, hvort mál er svo vaxið, sem nú var sagt.

## 13. gr.

Oddviti ræður því, hvernig atkvæðagreiðslu er skipt í hverri röð og innra sambandi hún fer fram. Þó getur hreppsnefnd, ef meiri hluti hennar krefst þess, breytt ákvörðun oddvita. Krefjast má, að atkvæðagreiðslu um tillögu sé skipt.

## 14. gr.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála. Verði jöfn atkvæði, telst ályktun fallin, en um kosningar ræður hlutkesti. Skytt er hverjum hreppsnefndarmanni að vera viðstaddur atkvæðagreiðslu og taka þátt í henni, nema hann hafi lögmet forföll, hafi hann verið á fundi, þegar ályktunin var rædd.

## 15. gr.

Nú er mál útrætt, og skal þá gengið til atkvæða. Atkvæðagreiðslan fer venjulega fram þannig, að hver hreppsnefndarmaður réttir upp aðra hönd sína. Nafnakall skal viðhafa, ef einn hreppsnefndarmanna óskar þess áður en til atkvæðagreiðslu kemur, svo og ef atkvæðagreiðsla þykir óglögg. Við nafnakall greiðir oddviti síðastur atkvæði.

## 16. gr.

Auk fastra nefnda, sem hreppsnefnd kýs, hefur hún rétt til að setja nefnd í það mál, sem á dagskrá er. Fer um kosningu slíkra nefnda eins og fastra nefnda, eftir gildandi sveitarstjórnarlögum, eins og segir í 2. gr. fundarskapa þessara.

## 17. gr.

Hreppsnefnd skal að öllu jöfnu leita umsagnar nefnda, um einstök mál, áður en hún endanlega afgreiðir þau.

## 18. gr.

Formenn nefnda kalla þær saman. Ef eigi er sjálfkjörinn formaður í nefnd, kallar sá nefndina saman í fyrsta sinn, sem flest fékk atkvæði við nefndarkosninguna.

Á fyrsta fundi hverrar nefndar skal hún kjósa sér formann og ritara.

Formenn nefnda kalla þær síðan saman og hafa þeir á hendi stjórn á fundum þeirra.

Ritarar nefnda rita fundargerðir þeirra, og er þeim skylt að skila til hreppsnefndar útdrætti úr þeim.

Um leið og nefnd lýkur starfi, kýs hún sér úr hópi nefndarmanna framsögumann. Minnihlutar nefnda hafa framsögurétt.

## 19. gr.

Skrá yfir fastar nefndir skal jafnan vera fest upp í fundarsal hreppsnefndar.

## 20. gr.

Sveitarstjóri sér um afgreiðslu og framkvæmd allra mála, sem hreppsnefnd eða fastar nefndir gera ályktun um, nema að þau séu af hreppsnefnd falin einstökum mönnum.

## 21. gr.

Ef vafi leikur á, um hvernig beri að skilja fundarsköp, sker hreppsnefnd úr um það.

## 22. gr.

Afbrigði frá fundarsköpum þessum getur hreppsnefnd gert í einstökum tilfellum, þegar nauðsyn þykir bera til, ef meiri hluti mættra hreppsnefndarmanna samþykkir það.

## 23. gr.

Til breytingar á fundarsköpum þessum þarf umræður á tveim fundum hreppsnefndar, meiri hluta greiddra atkvæða og staðfestingu ráðherra.

Fundarsköp þessi, sem samin eru og samþykkt af hreppsnefnd Reyðarfjarðar-hrepps staðfestast hér með samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. júlí 1967.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*